

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð.

Forsendur

Svæðið var friðlýst í júní 2021 með auglýsingu nr. 850/2021. Markmið með vernduninni er að tryggja að jarðminjum, landslagsheild, lífríki og ásýnd svæðisins verði ekki spillt og einkenni þess og sérkenni verði varðveitt þar sem svæðið er sérstætt á landsvísu og skipar mikilvægan sess í vitund þjóðar.

Hið verndaða svæði er varðveitt til náttúruupplifunar fyrir almenning og er kappkostað að innviðir geri sem flestum fært að njóta svæðisins án þess að skerða náttúruverðmæti og/eða upplifun annarra hópa. Stóruð verður varðveitt sem áfangastaður fyrir ferðamenn með áherslu á aðgengi.

Í samstarfshóp um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar sitja:

Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Ása Margrét Einarsdóttir
Eypór Stefánsson
Guðmundur Sigmarsson
Jóhann Gísli Jóhansson
Sigurður Thoroddsen (Gerður Sólveig Thoroddsen)

Almennt um verkefnið

Áætluninni er ætlað að fjalla um markmið verndunar svæðisins og hvernig stefnt skuli að því að viðhalda verndargildi þess. Umhverfisstofnun hefur unnið stefnumótun um gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst svæði og verður hún höfð til hliðsjónar við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að gildistími hennar verði 10 ár. Aðgerðaráætlun sveitarfélagsins til þriggja ára fylgir með. Umhverfisstofnun og sveitarfélagi verður þó heimilt að taka ákvörðun um endurskoðun áætlunarinnar, verði þess þörf, áður en gildistíminn er liðinn. Stefnt er að því að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar verði lokið í nóvember 2023.

Í stefnumótuninni er lögð áhersla á samráð og samstarf, að stjórnunar- og verndaráætlanir séu einfaldar og upplýsingar settar fram á auðskiljanlegan máta. Stjórnunar- og verndaráætlunin sjálf verður því ekki umfangsmikil og megin áhersla verður lögð á gildi svæðisins, markmið verndunar, aðgerðir og verndarráðstafanir en nánari upplýsingar um svæðið verða aðgengilegar á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

Stjórnunar- og verndaráætlun er alla jafna skipt í eftirfarandi kafla en er staðfærð og aðlöguð því svæði sem áætlun er unnin fyrir.

- **Hið friðlýsta svæði**
 - Aðkomuleiðir
 - Stjórnunar og verndaráætlun
 - Samráð

- Eignarhald og umsjón
- Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi
- Verndargildi og verndarflokkar
- **Staða og stefna**
 - Náttúruminjar, jarðminjar og lífríki
 - Menningarminjar
 - Landnotkun
 - Ferðaþjónusta og útivist
 - Viðburðir, kvikmyndataka og ljósmyndun
 - Mönnuð og fjarstýrð loftför
 - Helstu ógnir öryggismál
 - Innviðir og mannvirki
 - Landvarsla
 - Mannvirki
 - Vegir og bílastæði
 - Aðgengi
 - Stígar og gönguleiðir
 - Skilti
 - Úrgangur
 - Fræðsla og kynning
 - Rannsóknir og vöktun
- **Sérstakar reglur um umferð og dvöl**

Umsjón með verkefninu

Verkefnastjórn og ritstýring stjórnunar- og verndaráætlunar verður í höndum fulltrúa Umhverfisstofnunar en í samstarfshópi um gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar eiga einnig sæti fulltrúar landeigenda og fulltrúar sveitarfélags. Gert er ráð fyrir virkri aðkomu samstarfshópsins.

Samráð og upplýsingagjöf

Samráð og upplýsingagjöf er lykillinn að því að sátt skapist um stjórnunar- og verndaráætlun svæðanna. Gert er ráð fyrir að helstu hagsmunaaðilar verði upplýstir um gerð áætlunarinnar og stefnt er að því að birta reglulega upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar um framgang vinnunnar.

Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðin verða síðan auglýst til athugasemda fyrir almenning í sex vikur og þá gefst öllum kostur á að senda inn athugasemdir. Nánari upplýsingar um samráð má sjá í samráðsáætlun fyrir verkefnið.

Verk- og tímaáætlun

Meginþættir verkefnisins eru:

1. Undirbúningur
2. Lýsing á svæðinu
3. Stefnumótun, markmið og aðgerðir.
4. Greining á aðgerðum
5. Kynningarferli
6. Úrvinnsla athugasemda
7. Útgáfa

1. áfangi: Undirbúningur.

Tími: nóvember 2022

- Unnið að undirbúningi stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.
- Óskað eftir tilnefningum í samstarfshóp og hann skipaður.
- Samstarfshópur fundar og lagðar línur fyrir áframhaldandi vinnu.
- Samráðsaðilar tilgreindir.
- Verk- og tímaáætlun lögð fram.
- Bréf send til samráðsaðila sem tilgreindir eru í samráðsáætlun.
- Upplýsingar settar á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Afurð: Tilbúin verk- og tímaáætlun og samráðsáætlun til birtingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Samráðsaðilar upplýstir um að vinna við gerð áætlunarinnar sé hafin.

2. áfangi: Lýsing á svæðinu.

Tími: desember 2022 – janúar 2023

- Teknar verða saman bakgrunnslýsingar fyrir svæðið.

Afurð: Drög að 1. og 2. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar.

3. áfangi: Stefnumótun, markmið og aðgerðir.

Tími: febrúar - mars 2023

- Kynningarfundur, samráðsaðilar boðaðir. Hugmyndavinna, stefnumótun.
- Unnin drög að aðgerðum og aðgerðaráætlun. Samstarfshópurinn mun vinna áfram að stefnumótun svæðisins, setja fram markmið og aðgerðir.
- Unnin drög að kortum eftir þörfum.

Afurð: Kynningarfundur sem verður útfærður á síðari stigum.

Drög að 3. kafla stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og kort af svæðinu.

4. áfangi: Greining á aðgerðum.

Tími: mars – apríl 2023

- Þær aðgerðir sem lagðar voru til í 3. áfanga eru greindar, þeim forgangsraðað og sett tímamörk. Drög að aðgerðaáætlun unnin í samstarfi við lykil hagsmunaaðila.

- Drög að áætlun í yfirllestur hjá Umhverfisstofnun.
- Unnið úr athugasemdum.

Afurð: Drög að aðgerðaáætlun.

5. áfangi: Kynningarferli í 6 vikur.

Tími: apríl – maí 2023

- Drög að stjórnunar- og verndaráætlun yfirfarin hjá Umhverfisstofnun.
- Drögin auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og sveitarfélagsins.
- Bréf send til samráðsaðila og þeim bent á að kynningarferlið sé hafið.
- Almennings gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir.
- Kynningarferlið stendur í 6 vikur.

6. áfangi: Úrvinnsla athugasemda, lokaafgreiðsla.

Tími: júní – september 2023

- Unnið úr þeim athugasemdum sem berast í kynningarferlinu.
- Unnin greinargerð þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem bárust á kynningartíma og þeim svarað.
- Afgreiðsla stjórnunar- og verndaráætlunar hjá Umhverfisstofnun.
- Lokafrágangur á áætlun og fylgiskjölum, prófarkalestur.

Afurð: Lokaútgáfa stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt greinargerð.

7. áfangi: Útgáfa

Tími: október – nóvember 2023

- Stjórnunar- og verndaráætlun send umhverfis- og auðlindaráðherra til undirritunar.
- Stjórnunar- og verndaráætlun gefin út og birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Múlaþings.